**Ed.** **398. Frumvarp**

til laga um dráttarvexti.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er sjóðum og lánsstofnunum, hverju nafni sem nefnast, að taka hærri dráttarvexti en ¾% — þrjá fjórðu af hundraði — á mánuði af afborgana- og vaxtaupphæð þeirri, er greiðsludráttur hefir orðið á, og telst brot af mánuði heill mánuður.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll ákvæði laga, er koma í bága við þessi lög.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.